

Mál nr. 207/2015
M og
vátryggingafélagið V v. innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Munum stolið úr bíl þ. 9.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 10.6. 2015 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að brotist hafi verið inn í bifreið hans 9.12.2014 og tilgreindum munum stolið úr bifreiðinni. M krefst bóta úr heimilisverndartryggingu sinn hjá V og segist hafa læst bifreiðinni og um samlæsingar sé að ræða þannig að báðar hurðir á þessum tveggja dyra bíl læsist samtímis og ekki hægt að skilja aðra hurðina eftir ólæsta. M segir því að ótvírátt hafi verið að um innbrot í læsta bifreið hafi verið að ræða. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ekki sjáist neinar skemmdir að utanverðu á bifreiðinni en það útiloki ekki að farið hafi verið inn í bifreiðina með einhverjum hætti. Samkvæmt vottorði frá Lásapjónustunni dags. 2.2.2015 segir að ekkert mál sé að brjótast inn í bíla af þeirri gerð sem hér ræðir um án þess að ummerki sjáist. V hafnar bótaskyldu og vísar í grein 4.6 í vátryggingaskilmálum og telur að ekki hafi verið um innbrot að ræða sbr. það sem kemur fram í lögregluskýrslu

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ekki sjáist neinar skemmdir að utanverðu á bifreiðinni, en það útiloki ekki að farið hafi verið inn í bifreiðina með einhverjum hætti. Þá kemur fram í yfirlýsingu frá Lásapjónustunni að ekkert mál sé að brjótast inn í bifreiðar af þeirri tegund sem hér ræðir um án þess að áverkar sjáist. M fullyrðir að hann hafi læst bifreiðinni áður en hann yfirgaf hana áður en farið var inn í bifreiðina, þessari fullyrðingu M er ekki mótmælt af hálfu V. Í ákvæði 4.6. vátryggingaskilmála verður orðalag um greinileg merki um innbrot ekki skilið öðruvísi en varúðarregla í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að læsa bifreið eða híbýlum eftir atvikum. Þessa niðurstöðu má finna til dæmis í málum nefndarinnar nr. 239/2014 og 17 og 180/2015 sem varða sambærileg ákvæði í vátryggingarskilmálum sama vátryggingafélags og hér á í hlut. Ekkert haldbært hefur komið fram um að umrædd varúðarregla hafi verið brotin í umrætt sinn. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.